

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við afhendingu
Hvatningarverðlauna jafnréttismála. Haldið í Hátíðasal mánudaginn 19.
nóvember 2018 kl. 8.30.**

Góðir gestir.

Ég býð ykkur öll hjartanlega velkomin hingað í Hátíðasal Háskóla Íslands á þennan viðburð sem haldinn er í tilefni afhendingar Hvatningarverðlauna jafnréttismála, auk þess sem hér á eftir verða flutt þrjú spennandi erindi um vinnustaðamenningu og jafnrétti.

Háskóli Íslands gegnir mörgum mikilvægum hlutverkum og eitt þeirra er að skapa góðar vinnuaðstæður fyrir starfsfólk og nemendur.

Vinnustaðamenning er mjög mikilvægur hluti af því. Jafnrétti er eitt af þremur grunngildum Háskólans og með því er sleginn tónninn varðandi það hvernig við viljum huga að menningu innan skólans.

Óhætt er að segja að #meToo hreyfingin hafi verið áskorun fyrir íslenskt samfélag og raunar heiminn allan. Um leið hefur þessi hreyfing opnað á umræður og skapað tækifæri til jákvæðra breytinga. Hér í Háskóla Íslands höfum við lagt áherslu á að hlusta á sögur kvenna, draga af þeim lærdóm og bregðast fljótt og fumlaut

við. Við höfum frá upphafi talið mjög mikilvægt að læra af þessum skilaboðum og finna leiðir til að hafa jákvæð áhrif á menninguna innan háskólasamfélagsins.

Strax eftir að #MeToo umræðan kom upp var ákveðið af yfirstjórn Háskólans að fylgja málinu eftir með mikilvægum aðgerðum og var settur á laggirnar sérstakur starfshópur til að vinna hratt og fara í samráðsferli við ýmsa fulltrúa innan skólans og vinna tillögur að viðbrögðum.

Þessar tillögur eru nú í vinnslu og meðal þeirra aðgerða sem þegar eru hafnar eru rannsókn á kennslukönnunum, könnun á því hversu algeng kynferðisleg áreitni er innan skólans, ýmisskonar fræðsla um hinar ýmsu birtingarmyndir kynferðislegrar áreitni, eineltis og annars ofbeldis og þau úrræði sem skólinn hefur yfir að ráða. Í því sambandi má meðal annars nefna fagrað Háskólans, sem er hópur þriggja sérfræðinga með utanaðkomandi formanni sem tekur við og rannsakar kvartanir um kynferðislega áreitni og ofbeldi.

Góðir gestir. Það er fagnaðarefni að Háskóli Íslands skuli nú hafa gerst beinn aðili að Hvatningarverðlaunum jafnréttismála. Háskólinn leggur ríka áherslu á samvinnu við samfélag og atvinnulíf og það er mjög ánægjulegt að taka þátt í þessu verkefni sem er til þess fallið að stuðla að þróun í átt til aukins jafnréttis í íslensku atvinnulífi.

Ég bið nú Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóra

Samtaka atvinnulífsins að taka við fundarstjórn.